

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/76/EB

2006/EES/30/28

frá 11. ágúst 2003

um breytingu á tilskipun ráðsins 70/220/EBE um ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) 807/2003 ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/220/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/80/EB ⁽⁴⁾, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 70/220/EBE er ein sértilskipananna sem fjalla um gerðarviðurkenningaraðferð Bandalagsins sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE.
- 2) Með tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 2002/80/EB, voru ákveðnar sérstakar kröfur um gerðarviðurkenningu á gasknúnum ökutækjum sem eru gerðar fyrir tvær tegundir eldsneytis og eina tegund eldsneytis með tilliti til innbyggðra greiningarkerfa (OBD). Einnig eru þar gerðar ráðstafanir um tímabundna gerðarviðurkenningu á innbyggðum greiningarkerfum í gasknúnum ökutækjum með minni háttar annmörkum. Nauðsynlegt er til fyllingar þessum ákvæðum að gera fleiri tæknilegar ráðstafanir sem taka til sendingar greiningarkerfisins til að koma í veg fyrir myndun viðskiptahindrana vegna innbyggðra greiningarkerfa tiltekinnna, nýþróaðra, gasknúinna ökutækja sem uppfylla að öllu öðru leyti kröfurnar í tilskipun 70/220/EBE.
- 3) Í tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 2002/80/EB, voru einnig settar fram sérkröfur í tengslum við tiltekna EB-gerðarviðurkenningu á endurnýjunarhvarfakútum. Þessar kröfur skulu aðlagðar til að endurnýjunarhvarfakútur geti fengið gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining á þeirri forsendu að hann sé sömu gerðar og upprunalegur hvarfakútur eða upprunalegur endurnýjunarhvarfakútur sem hefur þegar fengið gerðarviðurkenningu.
- 4) Breyta ber tilskipun 70/220/EBE til samræmis við þetta.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækni-framförum sem komið var á fót með tilskipun 70/156/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XI. og XIII. viðauka við tilskipun 70/220/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáðferðir til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 4. september 2004. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunar-
artöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 4. september 2004.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. ágúst 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 206, 15.8.2003, bls. 29. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2004 frá 19. mars 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 22, 29.4.2004, bls. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 122, 16.5.2003, bls. 36.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 76, 6.4.1970, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 291, 28.10.2002, bls. 20.

VIÐAUKI

Ákvæðum XI. og XIII. viðauka við tilskipun 70/220/EEB er breytt sem hér segir:

A. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka:

1. Í stað liðar 3.3.3.4 komi eftirfarandi:

„3.3.3.4. aðra mengunarvarnarihluti eða -kerfi eða mengunarvarnartengda íhluti aflrása eða -kerfa sem eru tengd tölvu, þar sem bilun gæti orsakað losun mengunarefna gegnum útblástursrör sem færi yfir viðmiðunarmörkin í lið 3.3.2, ef þau eru virk við notkun valins eldsneytis;“.

2. Í stað liðar 4.5.2 komi eftirfarandi:

„4.5.2. Þrátt fyrir kröfurnar, sem koma fram í lið 6.6 í 1. viðbæti við þennan viðauka, og þegar framleiðandinn óskar eftir því skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið samþykkja að kröfurnar í þessum viðauka séu uppfylltar, að því er varðar mat og sendingu greiningarmerkja, þrátt fyrir eftirfarandi annmarka:

- að greiningarmerki fyrir eldsneytið, sem er notað, séu send á einn upprunastað,
- að greiningarmerki fyrir báðar tegundir eldsneytis séu metin sameiginlega (í líkingu við mat á gasknúnum ökutækjum sem eru gerð fyrir eina tegund eldsneytis og óháð því hvaða eldsneyti er notað),
- að eitt greiningarmerki sé valið (sem tengist annarri hvorri eldsneytistegundinni) með stillingu eldsneytisrofans,
- mat og sending greiningarmerkja fyrir báðar tegundir eldsneytis í bensíntölvunni sé óháð því hvaða eldsneyti er notað. Gasskömmunartölvan á að meta og senda greiningarmerki varðandi gaskerfið og geyma gögn um eldsneytisstöðu.

Framleiðandinn getur óskað eftir fleiri eftirlitsmöguleikum sem gerðarviðurkenningaryfirvald ákveður hvort það leyfir.“

3. Í stað liðar 6.6 í 1. viðbæti komi eftirfarandi:

- „6.6. Sérkröfur um sendingu greiningarmerkja frá ökutækjum sem eru gerð fyrir tvær tegundir eldsneytis.
- 6.6.1. Þegar um er að ræða gasknúin ökutæki, sem eru gerð fyrir tvær tegundir eldsneytis og sérstök merki eldsneytiskerfanna eru geymd í sömu tölvu, skulu greiningarmerki frá ökutækjum, sem eru knúin bensíni annars vegar og gasi hins vegar, metin og send óháð hvert öðru.
- 6.6.2. Þegar um er að ræða gasknúin ökutæki, sem eru gerð fyrir tvær mismunandi tegundir eldsneytis og sérstök merki eldsneytiskerfanna eru geymd hvort í sinni tölvunni, skulu greiningarmerki frá ökutækjum, sem eru knúin bensíni annars vegar og gasi hins vegar, metin og send frá tölvunni fyrir viðkomandi eldsneyti.
- 6.6.3. Ef greiningartæki sendir boð þar um skulu greiningarmerkin frá ökutækinu, þegar það gengur fyrir bensíni, send á einn upprunastað og greiningarmerkin frá ökutækinu, þegar það gengur fyrir gasi, send á annan upprunastað. Notkun upprunastaðar er lýst í ISO DIS 15031-5 „Road vehicles — Communication between vehicle and external test equipment for emissions-related diagnostics — Part 5: Emissions-related diagnostic services“, dags. 1. nóvember 2001.“

B. Eftirfarandi þáttur 4.4 bætist við í XIII. viðauka:

- „4.4. Ef umsækjandi um gerðarviðurkenningu getur sýnt gerðarviðurkenningaryfirvaldinu eða tækniþjónustunni fram á að endurnýjunarhvarfakúturinn sé af gerð, sem er tilgreind í lið 1.10 í viðbætinum við X. viðauka við þessa tilskipun, skal veiting gerðarviðurkenningarvottorðs ekki vera háð sannprófun á að kröfunum, sem tilgreindar eru í 6. lið, sé fylgt.“